



Hér kemur örstutt samantekt á niðurstöðum spurningakönnunar um Sway sem var send á foreldra barna í leikskólanum Álfabeiði í júní 2021.

Þátttakan var góð og komu 62 svör sem dreifðust nokkuð jafnt á deildir og því getum við nýtt niðurstöðurnar til að hjálpa okkur að þróa okkur áfram út frá svörum sem bárust.


Meirihluti þátttakenda eða rúmlega 80% voru mjög sammála eða frekar sammála því að fjöldi mynda á Sway væri viðunandi og voru því tæplega 20% sem voru hlutlaus eða frekar ósammála þeirri staðhæfingu.



Að sama skapi var viðhorf jákvætt til texta á Sway en 51,6% þátttakenda voru mjög sammála því að textinn sé fræðandi og skemmtilegur, 33,9% voru frekar sammála og 14,5% voru hlutlaus.



Næst voru þátttakendur beðin um að svara því hvort þeim þættu uppfærslur (nýjar myndir og texti) koma nógu oft inn en þar var helsta dreifingin með 24,2% sem voru mjög sammála, 41,9% voru frekar sammála, 14,5% hlutlaus, 17,7% voru frekar ósammála og 1,6% voru mjög ósammála.



Að lokum komu tvær opnar spurningar þar sem að fyrst var möguleiki á að nefna það sem vel væri gert í tengslum við Sway og síðan var möguleiki á að nefna það sem betur mætti fara. Samkvæmt persónuverndarlögum megum við ekki birta svör við opnu spurningunum í heild sinni, þar sem þau geta verið persónugreinanleg en svörin við opnu spurningunum.

Hér eru dæmi um það sem vel er gert:

- Myndir og myndbönd gefa góða innsýn í starf leikskólans
- Áhugaverð og skemmtileg nálgun
- Vel passað upp á að það séu myndir af öllum börnum

Hér eru dæmi um það sem betur má fara:

- Gæði ljósmynda og myndbanda
- Aðgengi að Sway erfitt
- Upplýsingar í textaformi t.d. í gegnum Sway eða tölvupóst

Það virtist vera mikil ánægja með þetta tilraunaverkefni hjá okkur og við hlökkum til að þróa starfið frekar áfram. Umbótaáætlun er í vinnslu þar sem að markmið og aðgerðir að umbótum verða sett niður.